



A 1726/presidiet

Afgreiðsla Forsætisnefndin

Nefndarálit forsætisnefndarinnar um
þingmannatillögu
um norræn áhrif og samstarf við G20

Tillaga

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún samræmi og skipuleggi aðgerðir sem leiða til norrænna áhrifa og samstarfs við G20-hópinn. Þetta skuli gert í samráði við aðila vinnumarkaðarins.

Sjónarmið forsætisnefndar

Þingmannatillagan var til meðferðar á fundum forsætisnefndar á Álandseyjum 27. júní 2017 og í Reykjavík 20. september þar sem tillagan að álitgerð var samþykkt einróma.

Aukið norrænt samstarf gagnvart G20 var rætt á sameiginlegum fundi þingmanna ráðsins í Stokkhólmi 26. september 2016. Þá hafði Norræna verkalýðssambandið (NFS) lýst yfir stuðningi í yfirlýsingu dags. 11. maí 2016 við aukið norrænt samstarf á vettvangi G20. Norræna samfélagsmódelið á erindi víðar um heim.

Á sameiginlega fundinum í Stokkhólmi hóf Annika Söder, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins, umræðuna en auk hennar sátu í pallborði Erkki Tuomioja, Stefan de Vylder þjóðhagfræðingur, Ruth Jacoby sendiherra og Kai Eide, sendiherra Noregs í Svíþjóð. Hans Wallmark (M), formaður landsdeildar Svíþjóðar í Norðurlandaráði, var gestgjafi fundarins. Hann lýsti því yfir að Norðurlöndin sem svæði væru eitt af stærstu hagkerfum heims. Norðurlöndin leggja mikið af mörkum og búa að sterkri hefð um alþjóðlegt samstarf og ættu að geta gegnt stærra hlutverki gagnvart G20.

Á fundinum í Stokkhólmi í september 2016 var fjörug umræða um öflugra norrænt samstarf gagnvart G20 og því dregur forsætisnefndin þá ályktun að tillagan njóti mikils pólitísku stuðnings og þyki athyglisverð.



Reykjavík, 20. september 2017

Britt Lundberg (ÅC)

Erkki Tuomioja (sd)

Hans Wallmark (M)

Michael Tetzschner (H)

Mikkel Dencker (DF)

Oddný G. Harðardóttir (A)

Phia Andersson (S)

Rigmor Andersen Eide (KrF)

Sonja Mandt (A)

Steingrímur J. Sigfússon (VG)

Wille Rydman (saml)

Ný tillaga

Flokkahópur Miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún samræmi og skipuleggi aðgerðir sem leiða til norrænna áhrifa og samstarfs við G20-hópinn

Akureyri, 9. apríl 2018

Bertel Haarder (V)

Britt Lundberg (ÅC)

Matti Vanhanen (cent)

Silja Dögg Gunnardóttir (F)

Staffan Danielsson (C)